

Reykjavík 20. maí 2020

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar: Um aðgerðir í þágu námsmanna vegna COVID-19. 150. löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 1268 – 733. mál.

Sálfræðingafélag Íslands fagnar því að bætt aðgengi að geðheilbrigðisþjónusta sé hluti af aðgerðum í þágu námsmanna vegna COVID-19.

Fram kemur í greinargerð með ályktuninni að borið hafi á auknum kvíða á meðal almennings sem mikilvægt sé að bregðast við með auknu aðgengi að sálfræðiþjónustu fyrir háskólanema. Telur Sálfræðingafélag Íslands ekki síður mikilvægt að framhaldsskólanemum sé einnig tryggt aðgengi að sálfræðiþjónustu. Mikilvægt er að gætt sé að jafnræði á meðal allra námsmanna óháð tegund náms eða skólastigs. Framhaldsskólar hafa sumir hverjir boðið upp á sálfræðiþjónustu með góðum árangri. Mikill vilji er innan framhaldsskóla til að bjóða upp á sálfræðiþjónustu. Framhaldsskólanemar hafa einnig ítrekað óskað eftir sálfræðiþjónustu í skólunum. Þörfin hefur verið til staðar og vegna núverandi aðstæðna verður aðgengi að sálfræðiþjónustu enn mikilvægari.

Mikið hefur verið rætt um Covid-19 kvíða sem eðlilega kemur upp en líklega fara aðrir erfiðleikar að koma fram á næstu misserum. Í kjölfar bankahrunsins árið 2008 kom í ljós að geðvandi og erfiðleikar vegna álags kom fram hjá almenningi að mestu nokkuð síðar en hrunið sjálft. Við mikið álag koma álagstengdir erfiðleikar yfirleitt fram þegar álagið hefur verið viðvarandi í nokkurn tíma. Því er mikilvægt að stjórnvöld tryggi að námsmenn hafi auðvelt og öruggt aðgengi að sálfræðiþjónustu þegar þess gerist þörf.

Sálfræðingafélag Íslands telur að 15 þúsund króna niðurgreiðsla á sálfræðiþjónustu á mánuði til 1. september sé alltof lítið í of stuttan tíma. Til að sálfræðimeðferð skili sem bestum árangri er mælt með að unnið sé eftir klínískum leiðbeiningum Embætti landlæknis. Sálfræðingafélag Íslands telur mikilvægt að ríkisfjármunum sé beitt með ábyrgum hætti og að fjárfest sé í meðferðum sem rannsóknir sýna að séu árangursríkar. Því ætti niðurgreiðslan að fara eftir þörfum skjólstæðingsins (meðferðarþörf) frekar en ákveðinni upphæð á mánuði. Sálfræðingafélag Íslands telur að til að tryggja megi aðgengi að sálfræðiþjónustu og minnka líkur á að námsmenn lendi á löngum biðlistum eftir þjónustu sé heppilegast að setja sálfræðiþjónustu undir greiðsluþátttökukerfi Sjúkratrygginga. Þannig megi tryggja öllum námsmönnum, óháð efnahag, aðgengi að viðeigandi geðheilbrigðisþjónustu.

Fyrir hönd stjórnar Sálfræðingafélags Íslands
Tryggvi Ingason, formaður